

Mánudaginn 19. júlí 1915.

Nr. 34/1915.

Valdstjórnin
gegn
Haraldi Jónssyni.

D ó m u r :

Með lögregluréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, gengnum 3. apríl þ. á. var Haraldur Jónsson trésmiður dæmdur í 50 kr. sekt til landssjóðs fyrir brot á 7. sbr. 11. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi, og til að greiða allan kostnað sakarinnar, en dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu valdstjórnarinnar.

Það er sannað, meðal annars með játningu kærða, sem hefir trésmiðaverkstæði hér í bænum, og sem því er einn í tölu þeirra manna, sem hefir rétt til innflutnings áfengis, samkvæmt 2. gr. aðflutningsbannslaganna, að hann hafi 11. febrúar þ. á. á verkstofu sinni blandað til drykkjar $\frac{3}{8}$ hl. líters af spiritus concentratus til helminga með vatni, að hann hafi þar neytt nokkurs af blöndu þessari með 2 mönnum og farið síðan með afganginn framundir $\frac{3}{4}$ hl. líters í hús eitt í Þingholtsstræti og neytt hans þar með nefndum 2 mönnum og 2—3 öðrum, er þar voru fyrir. En á spirituseign kærða stóð svo, að hann hafði, eftir því sem hann hefir sjálfur borið, og annara skýrslna hefir ekki verið aflað, keypt fyrir síðastliðið nýár til smíða í lyfjabúðinni hér í bænum gegn læknisseðli 1500 grömm af spiritus concentratus og átti ekki annað eftir af honum nefndan mánudag

en þá $\frac{3}{8}$ l., sem í drykkjarblönduna fór. Fyrir þetta atferli var kærði sakaður um brot á 7. sbr. 11. gr. aðflutningsbannslaganna og síðan dæmdur fyrir brot á þeim greinum svo sem áður segir, en fyrir brot á 1. mgr. 8. gr. hefir hann ekki verið kærður.

Því hefir verið haldið fram af hendi kærða, að spiritusinn, sem látinn hafi verið út gegn læknisseðli og blönduna úr honum beri að skoða sem læknislyf, en læknislyf séu undanþegin flutningsbanni um landið. Þá hefir því og verið haldið fram kærða til varnar, að aðflutningsbannslögin taki ekki til flutninga án sérstakra flutningstækja, og hvað sem því líði, þá geti flutningur á milli húsa í kaupstað eða kaupúni ekki talist flutningur um landið.

Það er nú að vísu svo, að ætla má, að spiritus sá, er hér ræðir um, hafi verið fenginn gegn læknisseðli en hann getur, þegar af þeirri ástæðu, ekki talist læknislyf, að hann var, samkvæmt eigin játningu kærða, fenginn til smíða, enda alt af geymdur á verkstæði hans, og þótt flytja megi jafnvel áfeng læknislyf um landið, samkvæmt niðurlagi 7. gr., þá virðist samkvæmt hlutarins eðli, anda laganna og öllu samanhengi að eins átt við flutning áfengs læknislyfs frá lækni eða lyfjabúð til sjúklings, en ekki við flutning áfengis, er heilbrigðir menn nota sér til nautnar, þótt upprunalega hafi aflað verið — löglega eða ólöglega — fyrir meðalgöngu læknis. Ekki verður heldur fallist á það, að aðflutningsbannslögin banni að eins flutning áfengis með sérstökum flutningstækjum, enda færi lögmæti áfengisflutnings þá eftir burðarmagni hvers flytjanda, en til þess hafa

aðflutningsbannslögin vafalaust ekki ætlast, enda slíkt fráleit niðurstaða. Og að því er þriðju varnar-ástaðuna snertir, þá bendir ekkert í aðflutningsbannslögunum til þess, að þau taki síður til kaupstaða og kauptúna heldur en til sveita, enda er eigi að eins bannaður »flutningur um landið«, heldur og flutningur »burt af heimili eiganda« sbr. 2. málsgrein 11. gr. Og nú með því að aðflutningsbannslögin banna með tvímælalausum orðum flutning áfengis, nema alveg sérstaklega standi á, sbr. 7. gr. laganna, og það auðvitað í því skyni að girða svo sem kostur er á fyrir óleyfilegan innflutning áfengis í landið og óleyfilega afhendingu þess innanlands, en skoða verður spírituseign kærða 11. febr. þ. á., er stafaði frá fyrra ári, og drykkjarblöndu þá, er hann bjó til úr spíritusnum, sem venjulegt áfengi, þá verður ekki komist hjá að sekta kærða fyrir flutninginn og jafnframt leggja málskostnað á hann, svo sem héraðsdómarinn hefir gert. Ber því að staðfesta lögreglu-réttardóminn að öllu leyti. Þá ber ákærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun í yfirdómi sækjanda og verjanda 15 kr. hvorum.

Það athugast að eftirrit af læknisseðlinum fyrir spírituskaupum kærða fylgir ekki dómsgerðunum. Og aðfinsluvert er, að héraðsdómarinn hefir ekki vottað um lögmæti reksturs málsins, svo sem gera ber samkvæmt 35. gr. tilsk. 3. júní 1796. Að öðru leyti hefir rekstur málsins í héraði verið vítalaus og flutningur þess í yfirdómi lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á óraskaður að vera. Kærði Haraldur Jónsson greiði áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun í yfirdómi sækjanda og verjanda yfirréttarmálaflutningsmönnum Oddi Gíslasyni og Eggert Claessens 15 kr. hvorum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. júlí 1915.

Nr. 6/1915.

Kristín Stefánsdóttir
gegn

Skiftaráðandanum í Suður-Múlasýslu
Guðmundi sýslumanni Eggerz,
f. h. dánarbús Þórarins Hávarðsonar,
Sígfúsi Sveinssyni o. fl.

D ó m u r :

Ágreiningsefnið í máli þessu er risið út af líftryggingu, sem Þórarinn nokkur Hávarðsson, sjómáður í Norðfirði, keypti í maí 1907 hjá lífsábyrgðarfélaginu »Dan«. Vátryggingarupphæðin nam 2000 kr., eða 1600 kr., ef Þórarinn druknaði í sjó, og skyldi ganga til erfingja hans. 25. nóv. samæris hafði Þórarinn verið gerður gjaldproti, en ekki hafði búið